

Kennarasamband Íslands

Skóli fyrir alla – velferð og aðstæður barna og ungmenna. Fátækt og erlendum uppruni.



Þátttakendur í pallborði: **Dagbjört Ásbjörnsdóttir**, verkefnastjóri á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, **Kristrún Sigurjónsdóttir**, deildarstjóri móttökudeildar, Lækjarskóla, Hafnarfirði, **Margrét Júlía Rafnsdóttir**, verkefnisstjóri hjá Barnaheillum, **Nicole Leigh Mosty**, leikskólastjóri í leikskólanum Ösp, Reykjavík, **Nína Helgadóttir**, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum og **Steinunn Björk Ragnarsdóttir**, framhaldsskólakennari í Tækniskólanum. Fundarstjóri var **Þórður Árni Hjaltsted**, formaður Kennarasambands Íslands.

Upplegg fundarins: Í lögum og námskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er lögð áhersla á skóla fyrir alla og velferð barna og ungmenna. Einn lykilorð til þess að minnka félagslegt misrétti í samfélaginu er góður aðgangur allra að menntun.

Fjöldi barna sem býr við skort á mikilvægum sviðum hefur rúmlega tvöfaldast á tímabilinu frá 2009– til 2014 og verulegur hópur fólks stendur mjög höllum fæti, félagslega og fjárhagslega. Í þessum hópi eru áberandi einstæðir og tekjulágir foreldrar, langtíma atvinnulausir, innflytjendur og börn innflytjenda.

- Hver er reynsla þeirra sem sinna börnum og ungmennum sem standa höllum fæti í samfélaginu?
- Hvað þarf að gera og hvernig til að tryggja öllum börnum og ungmennum menntun óháð efnahagslegri/félagslegri stöðu og uppruna?
- Hver er vandinn? Hvaða lausnir? Hverra er ábyrgðin?

Helstu punktar úr umræðum fundarins: Reynsla þeirra sem sinna börnum og ungmennum sem eru innflytjendur er að stefnu í málaflöknum vantar hjá ríki og sveitarfélögum. Kerfin vinna ekki saman (mennta-, félags- og heilbrigðis-) og skortur á samstarfi, viðhorf samfélagsins og menningarmunur veldur því að börn og ungmenni fá ekki þann stuðning og þau tækifæri sem þau þurfa til að vaxa og dafna.

Staða barna með íslensku sem annað tungumál er bág, um 80% hafa lítinn skilning á námsefninu og eru 37% þeirra fædd á Íslandi. Þau njóta sín ekki í nægilega í skóla, hafa veika félagslega stöðu og taka síður þátt í tómstundastarfi, og börn hælisleitenda búa við afar erfiðar aðstæður.

Fjölmenningarstefna Reykjavíkurborgar er jákvætt skref en það þarf að gera miklu meira. Ríkisvaldið þarf að marka skýra stefnu í málefnum innflytjenda, stefnan þarf að vera til langs tíma og hugtök er varða menntun og menningu þurfa að vera skýr, og samþætta þarf stefnuna öllum grundvallarmálaflokkum. Kalla þarf að borðinu fulltrúa ríkisvaldsins, sveitarfélaga, skólakerfisins, innflytjenda sjálfra til að eiga samræðu um hvernig við sem samfélag getum sem best studd við þá sem þurfa á því að halda.

Skólakerfið gegnir mikilvægu hlutverki í aðlögun innflytjenda að samfélaginu og kennarar þurfa að fá mun meiri stuðning til að sinna börnum og ungmennum af erlendum uppruna. Tryggja þarf að öll börn njóti kennslu í sínu móðurmáli og fái stuðning við að læra íslensku. Þá þurfa kennaranemar að vera undirbúnir fyrir það að starfa í fjölmenningarlegum skóla og efla þarf til muna samband heimilis og skóla í gegnum alla skólagönguna.

Kominn er tími til að stjórnámamenn vakni til vitundar um að samfélagið hefur ekki efni á að spara í þessum málaflökki þegar horft er til framtíðar. Við eigum að líta á innflytjendur sem mannauð og tryggja að börnin þeirra – rétt eins og önnur börn – njóti sömu tækifæra til menntunar og lífsgæða.